

Nemendum í framhaldsnámi á háskólastigi fjölga ört

Frá árinu 2003 hefur fjöldi nemenda í grunnnámi við íslenska háskóla staðið í stað en nemendum í framhaldsnámi fjölgað ár frá ári.


Eitt af stefnumiðum Vísinda- og tækniráðs hefur verið að efla rannsóknir í háskólum. Í úttekt á áhrifum og árangri af störfum ráðsins á árunum 2003-2006 sem nú stendur yfir hefur þetta atriði meðal annars verið skoðað.

Einn mælikvarði á rannsóknarvirki í háskólum er fjöldi nemenda í framhaldsnámi en þeir stunda flestir rannsóknatengt nám. Eftirfarandi mynd sem byggir á gögnum Hagstofu Íslands sýnir hlutfallslega fjölgun nemenda í grunnnámi og framhaldsnámi eftir fyrstu háskólagráðu hér á landi á árunum 1995-2005.

Tölur um nemendur í framhaldsnámi eftir 1. gráðu ná til nemenda í viðbótarnámi og meistara- og doktorsnámi. Árið 2005 voru 11.907 skráðir í grunnám og 3.105 í framhaldsnám.

Athygli vekur að fjöldi nemenda í grunnnámi hefur staðið í stað síðan árið 2003 eftir að hafa tvöfaldast frá árinu 1995. Fjölgun nemenda á háskólastigi er nú einungis í hópi

framhaldsnema. Doktorsnemendur voru 8 árið 1995 en samkvæmt tölum frá háskólum haustið 2006 eru þeir orðnir 195. Nemendum í meistaranámi fjölgaði úr 183 árið 1995 í 2.080 tíu árum síðar.



Heimild: Hagstofa Íslands

Niðurstöður úttektar á raunvísindadeild HÍ

Niðurstöður [úttektar](#) menntamálaráðuneytis á raunvísindadeild Háskóla Íslands liggja nú fyrir. Úttektin fór fram á haustmánuðum síðastliðins árs, en hápunktur hennar var vikulöng vettvangsheimsókn úttektaraðila í október. Þar kom m.a. fram að almennt eru gæði náms við raunvísindadeild mikil; að námið sé fremur skilvirkt og svo virðist sem nemendur séu yfirleitt sáttir við gæði menntunarinnar. Þá virðist flest benda til þess að nám við raunvísindadeild sé góður grundvöllur fyrir framhaldsnám eða starfsframa. Niðurstöður ytra matshópsins má finna í skýrslu sem birt er á vef ráðuneytisins.

Í matshópnum áttu sæti Dr. Bengt Svensson, prófessor emeritus og fyrrum aðstoðarrekktor Háskólans í Lundi, Dr. Howard Colley, prófessor við Oxfordháskóla, Dr. Kristín Vala Ragnarsdóttir, prófessor við Háskólann í Bristol og Ásgeir Runólfsson, nemandi í verkfræði við Háskóla Íslands. Starfi nefndarinnar stjórnaði Dr. Sigríður Valgeirsdóttir, framkvæmdastjóri

NimbleGen á Íslandi. Ritarrar nefndarinnar voru þeir Unnar Hermannson og Sveinbjörn Hannesson.

Skýrsla menntamálaráðherra til Alþingis um skólahald í framhaldsskólum

Út er komin [Skýrsla menntamálaráðherra um framkvæmd skólahalds á framhaldsskólastigi skólaárin 2002/2003, 2003/2004 og 2004/2005](#). Skýrslan er lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006-2007 og er aðgengileg á vef ráðuneytisins.

Úttektir á sjálfsmatsaðferðum grunn- og framhaldsskóla

Nú á vormisseri 2007 er að hefjast fyrsti áfangi úttekta á sjálfsmatsaðferðum grunn- og framhaldsskóla, sbr. ákvæði gildandi laga um grunnskóla og framhaldsskóla þar sem segir að úttektir á sjálfsmatsaðferðum skóla skuli gerðar á fimm ára fresti. Í þessum áfanga verða gerðar úttektir á sjálfsmatsaðferðum 25

grunnskóla og 10 framhaldsskóla. Er áætlað að úttektum í öllum grunn- og framhaldsskólum verði lokið um mitt ár 2009. Þetta er í annað sinn sem slíkar úttektir eru gerðar. Fyrst voru þær unnar á árunum 2001-2003.

Í samræmi við lagaákvæði hefur menntamálaráðuneyti falið utanaðkomandi aðilum framkvæmd úttektanna. Er úttekt í hverjum skóla í höndum a.m.k. tveggja einstaklinga sem saman hafa menntun og reynslu á sviði ytri úttekta og skólastarfs á viðkomandi skólastigi. Úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla byggir m.a. á gögnum frá skólanum, heimsóknum í skólann, viðtölum við stjórnendur og fulltrúa starfsmanna og nemenda og á sjálfsmatsskýrslu. Ráðuneytið leggur úttektaraðilum til matstæki.

Úttektaraðilar skulu hafa lokið fyrsta áfanga verksins fyrir lok maí nk. Þegar ráðuneytið hefur unnið úr niðurstöðum verða þær birtar á vef ráðuneytisins.

